

## Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 936 (5.3.2020) - Ósk um viðræður um yfirtöku á götulýsingakerfi.

**Málsnúmer** : 201904092  
**Málsaðili** : Rarik ohf  
**Niðurstaða (stutt)** :  
**Fundardagur** : 05.03.2020

**Inngangur** : Þann 10. apríl 2019 óskaði RARIK eftir viðræðum við Dalvíkurbyggð um yfirtöku á götulýsingakerfi sveitarfélagsins. Samkvæmt erindinu urðu ákveðin kaflaskil þegar raforkulög nr. 65 frá árinu 2003 tóku gildi. Samkvæmt þeim þá fellur götulýsing ekki undir einkaleyfisstarfsemi dreifiveitufyrirtækja. Uppsetning og rekstur götuljósa kemur þannig ekki inn í tekjuheimildir dreifiveitu eins og starfsemi við rekstur dreifikerfa. RARIK hefur því þurft að halda götulýsingunni utan við hefðbundinn rekstur og utan við tekjuuppgjör gagnvart Orkustofnun.

Með fundarboði fylgdu drög að samningi á milli RARIK og Dalvíkurbyggðar um afhendingu RARIK á götulýsingakerfinu til eignar í Dalvíkurbyggð. Í drögunum kemur fram að sveitarfélagið yfirtekur og eignast götulýsingakerfið í því ástandi sem það er við undirritun samnings og er dagsetning yfirtöku 1. júní 2020.

Börkur og Steinþór viku af fundi kl. 13:47.

**Niðurstaða** : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum fyrirliggjandi samning um afhendingu RARIK á götulýsingakerfinu til eignar í Dalvíkurbyggð og vísar honum til afgreiðslu sveitarstjórnar.